



Eirberg

Leiðbeiningar um þrif á ROHO loftfylltum sessum

Þrif og sótthreinsun eru tvær mismunandi aðferðir við að hreinsa sessuna. Fyrst verður að hreinsa sessuna áður en sótthreinsun á sér stað. Ef fleiri en einn notandi notar sessuna þá verður að þrifa hana og sótthreinsa áður en hún fer aftur í notkun.

Mikilvægt er að þrifa sessuna og áklæðið reglulega. Ekki þvo né þurrka sessuna með öðrum fatnaði. Þvoið sessuna og áklæðið í sitt hvoru lagi.

Þrif á áklæði: Það þarf að þrifa áklæðið sér og taka það utan af púðanum. Áklæðið má þvo í þvottavél á 40° með mildu þvottaefni og léttri þeytivindu. Má setja í þurrkara á lágum hita.

Sótthreinsun áklæðis: Leggið áklæðið í bala í volgu vatni með ½ bolla af sótthreinsilegi t.d. Rodaloni á móti 5 bollum af vatni (ef notað er Rodalon þá nota 125 ml á móti 1250 ml af vatni). Má alls ekki nota sápu. Látið liggja í 30 mínútur. Skolið vel með vatni. Þvoið síðan með mildum uppþvottalegi. Skolið sápu vel úr með vatni. Það er einnig hægt að þvo áklæðið í þvottavél á 60° til sótthreinsunar. Hengið upp til þerris.

Athugið! Ef notað er sótthreinsiefnið Rodalon þá er mikilvægt að fara eftir leiðbeiningum um notkun sótthreinsiefnisins.

Þrif á sessu: Takið áklæðið af, skrúfið fyrir ventilinn og setjið sessuna í stóran bala með volgu vatni. Notið plastbursta með mjúkum hárum, svamp eða tusku og nuddið yfirborðið og milli lofthólfanna. Notið mildan uppþvottalög, þvottalög eða mildan alhliða hreingerningarlög. Skolið síðan vel með vatni. Þurrkið af með hreinum þurrum klút eða komið fyrir á góðum stað til þerris.

Sótthreinsun sessu: Þrifið sessuna fyrst samkvæmt ofangreindum leiðbeiningum. Setjið sessuna í volgt vatni með ½ bolla af sótthreinsilegi t.d. Rodaloni á móti 5 bollum af vatni (ef notað er Rodalon þá nota 125 ml á móti 1250 ml af vatni). Má alls ekki nota sápu með Rodaloni. Látið liggja í balanum í 30 mínútur. Skolið síðan vel með vatni. Þvoið síðan með mildum uppþvottalegi. Skolið sápu vel úr með vatni. Þurrkið af með hreinum þurrum klút eða komið fyrir á góðum stað til þerris.

Dauðhreinsun á sessu: Framleiðandi mælir ekki með dauðhreinsun á sessunni þar sem notaður er hár hiti hærrí en 200°F/93°C. Hár hiti slítur sessunni og getur eyðilagt hana. Ef einhver stofnun krefst þess að sessan sé dauðhreinsuð þá þarf að opna ventilinn og nota lægsta mögulega hita á sem stystum tíma. Ef notaður er autoclavi, sem framleiðandinn mælir ekki með, þá er mjög mikilvægt að allir ventlar séu opnir.

Mikilvægt er að nota EKKI krem úr olíuefnum til að þrifa, né úr sótthreinsiefni með „phenolic“ efni þar sem það getur skemmt „neophrene“ efnið í sessunni.

Seljandi: Eirberg ehf, Stórhöfða 25, 110 Reykjavík. Sími 569 3100. www.eirberg.is
Framleiðandi er: Roho Inc, USA www.rohoinc.com